



BOLUNGARVÍK

Bolungarvík, 15.febrúar 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.

Bæjarráð Bolungarvíkur lýsir yfir ánægju með framkomna tillögu til þingsályktunar og leggur áherslu á mikilvægi þess að yfirfara laga og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi. Ásamt endurskoðun sem felur í sér heildargreiningu á gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga af fiskeldi og tillögur að lagabreytingu sem skýra heimildir til töku gjalda til að standa undir nauðsynlegri þjónustu ríkis og sveitarfélaga af sjókvíaeldi.

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur áherslu á að fyrirhugaður starfshópur eigi gott samstarf við fiskeldissveitarfélögin í störfum sínum og leitist við að sækja þekkingu og reynslu til þeirra.


Bæjarstjórnin í Bolungarvík
Jón Páll Greinsson
Bæjarstjóri í Bolungarvík



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 10. febrúar 2022
Tilvísun 2202099/10.1

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.

Samkvæmt erindi frá Atvinnuveganefnd Alþingis dags. 9. febrúar 2022 er óskað eftir umsögn Fjarðabyggðar um ofangreint mál.

Fjarðabyggð fagnar að fram fari endurskoðun á umhverfi laga og reglugerða sjókvíaeldis og við þá vinnu verði fengin sem víðtækust þekking innan stjórnkerfis sem og önnur ráðgjöf. Mikilvægt er að við þá vinnu verði leitað til sveitarfélaganna sem fiskeldi fer fram í til að fá þeirra sjónarmið við endurskoðunina.

Mikil og hröð uppbygging hefur verið í sjókvíaeldi samhliða aukinni framleiðslu sem hefur orðið til mikillar uppbyggingar innviða hjá þeim sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað. Því er mikilvægt að hugað sé vel að gjaldtöku vegna afgreiðslu á fóðri og annarri afgreiðslu hráefna sem fara beint og milliliðalaust í fóðurpramma á sjó úti og snerta ekki hafnarmannvirki. Engu að síður þarf að vera aðstöðusköpun í landi og nauðsynlegur búnaður á vegum hafnanna til að bregðast við ef slyshenda. Nauðsynlegt er að endurskoða laga- og reglugerðarumhverfi til að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda milliliðalaust en ekki eins og nú er þar sem þeim er gert að sækja um í Fiskeldissjóð. Sveitarfélög eiga að geta haft skýra tekjustofna án þess að þeir hafi aðkomu hjá ríkisvaldinu eins og í þessu tilfalli. Þær tekjur geti svo staðið undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga eins og hafnarframkvæmdum og uppbyggingu innviða almennt í samfélögunum þar sem fólksfjölgun er samhliða uppbyggingu fiskeldis.

Valgeir Ægir Ingólfsson
Atvinnu- og þróunarstjóri

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Valgeir Ægir Ingólfsson

Kennitala: 3110665799

Tími: 23.02.2022 14:46

Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með  OneSign

Alþingi,
Atvinnuveganefnd
sent á netfang nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 23. febrúar 2022

Umsögn um þingsályktun um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, mál 93. 152. löggjafarþings.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því Alþingis að samþykkja efni þingsályktunarinnar en gerð verði breyting á efni hennar er varðar skipan starfshóps og skipulag á vinnu starfshóps.

- A. Skipan starfshóps; að auk fulltrúa ráðuneyta verði skipaðir fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem eiga land að sjó þar sem heimilt er að ala laxfiska í sjókvíum. En á vettvangi sveitarfélaga hafa verið lagðar fram mótaðar tillögur að breytingum á laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis á grundvelli þeirrar reynslu sem sveitarfélögin hafa af fiskeldi.
- B. Skipulag á vinnu starfshóps. Umfjöllun málsins verði skipt upp, annarsvegar verði lokið við skýrslu starfshópsins á fyrri hluta þessa árs. Drög að breytingum á lögum og eftir atvikum reglugerðum verði kynntar í Samráðsgátt um mitt ár og tillögur að breytingum á lögum verði lagðar fram við upphaf 153. löggjafarþings. Gefið verði þannig færi á að fjalla efni málsins á Alþingi samhliða s.s. við umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2023 og þingsályktunar um Byggðaáætlun. Gildistaka breyttra laga miðist við komandi áramót eða fyrri hluta árs 2023.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Stjórn Fjórðungssambands vekur síðan athygli atvinnuveganefndar á efni ályktunar 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga þar sem segir;

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 fagnar gerð „Samfélagssáttmála í fiskeldi“, sem var undirritaður af hálfu sex sveitarfélaga á Vestfjörðum þann 15. júlí 2021.

66. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að endurskoða regluverk varðandi sjókvíaeldi. Eldi laxfiska í sjó er atvinnugrein í örum vexti á Vestfjörðum og er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum í fjórðungnum.

Skýra þarf lagaumhverfið og opinbera gjalddöku í greininni til að tryggja að þær tekjur sem fiskeldi skapar á Vestfjörðum renni til sveitafélaganna þar sem sjókvíaeldi er stundað til að byggja upp grunninnviði sem svara kröfum samfélaganna og atvinnulífsins.

- Fiskeldissjóð sem samkeppnissjóð þarf að leggja niður en tryggja að fiskeldisgjaldið renni beint til innviðauppbyggingar þar sem eldið er stundað.
- Endurskoða þarf hafnargjöld, vörugjöld og aflaggjöld til að þau skili viðunandi tekjum til þeirra sveitarfélaga sem þjónustuna veita og að gjalddökuheimildir falli betur að þessari nýju atvinnugrein.
- Endurskoða þarf Umhverfissjóð sjókvíaeldis og tryggja að rannsóknir verði eflar og störfum fjölgað við rannsóknir í nærsamfélögum fiskeldis. Mikilvægt að niðurstöður rannsóknarsjóðsins séu birtar jöfnum höndum.
- Endurskoða þarf tekjur sveitarfélaga vegna eldiskvía og umsvifa í sjókvíaeldi á þeirra heimasvæði. Krafan er ekki að auka álögur á atvinnugreinina heldur að eðlilegur hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna og skili sér beint til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum áhrifum af sjókvíaeldi.

Jafnframt og samhliða þarf að tryggja uppbyggingu grunninnviða á Vestfjörðum svo svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta þannig að fyrirtæki og samfélög geti dafnað. Mikilvægt er að haft verði náið samráð við sveitarfélögin varðandi uppbyggingu grunninnviða og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga varðandi fiskeldi.

Greinargerð

Mikilvægt er að skýra og samræma hvernig hægt er að tryggja tekjur til sveitarfélaganna þar sem sjókvíaeldi er stundað. Endurskilgreina ber hafnar- og aflagjöld og skilja aðferðafræðina frá hefðbundinni gjaldtöku í sjávarútvegi, ásamt því að tryggja að hægt sé að taka gjald af mannvirkjum í sjó sem renni til nærliggjandi sveitarfélaga í formi fasteignagjalda eða aðstöðugjalda. Laga- og reglugerðumhverfi sem sveitarfélögin vinna eftir varðandi fiskeldi hefur haft verulega neikvæð áhrif. Óeðlilegur hvati er í núgildandi löggjöf þannig að sveitarfélög keppast um að fá eldisfiski landað til sín á sama tíma og þjónustuhafnir í fiskeldi hafa litlar sem engar tekjur til að standa undir vaxandi umsvifum. Stærstur hluti tekna sveitarfélaga kemur á löndunarstað við slátruhús sem endurspeglar ekki þá nýtingu mannvirkja og þjónustu sem eldið nýtir. Það er því mikilvægt að skýra forsendur gjaldtökunnar og samræma reglurnar á landsvísu.

Þeir óvissuþættir sem uppi eru um gjaldtöku í fiskeldi nú í dag, eru helst að gjaldtakan byggir á hafnarlögum sem eiga við löndun á villtum fiski, sem veldur því að aðeins það sveitarfélag þar sem fiski er dælt á land fær tekjur af fiskeldinu á grundvelli þessarar löggjafar. Lögin ná ekki yfir ef fiski er slátrað á slátraprömmum eða hann fluttur annað til slátrunar sem gefur þá engar tekjur á Vestfjörðum. Tekjur af þjónustubátum eru litlar þó þeir nýti þjónustu og hafnarmannvirki allan ársins hring. Engar tekjur eru af kvíum á fjörðum og því getur sveitarfélag með stórfellt eldi setið uppi með engar tekjur af nýtingu tjarðarins. Fóðri er nær öllu landað beint í pramma og því skapa þau aðföng engar tekjur til sveitarfélaganna. Þar þarf að endurskoða reglur um vörugjöld til að gæta samræmis við hafnir. Seiðaeldisstöðvar skila eingöngu tekjum í formi fasteignagjalda stöðvarinnar.

Tekjustofnar sveitarfélaga vegna fiskeldis hafa ekki verið tryggðir í samræmi við eðli greinarinnar og því er gerð krafa um endurskoðun eftirfarandi þátta:

- a. Að ná utan um heildargjaldtöku af fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað að standa sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga.
- b. Að tryggja sveitarfélögum, þar sem sjókvíaeldi er stundað, skýrar heimildir til töku gjalda af sjókvíaeldi.
- c. Að tryggja að tekjur af slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.
- d. Að vinna að endurskoðun reglugerðar fyrir Umhverfissjóð sjókvíaeldis með það að markmiði að tryggja að rannsóknir og vísindapekking byggist upp í nærumhverfi fiskeldisstarfseminnar.
- e. Að fiskeldissjóður verði lagður niður í þeirri mynd sem hann er. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin var í samráði við Samtök sjávarútvegssveitarfélaga dags. 8. janúar 2020 segir: “Í upphafi telur Samband



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Vestfjarðastofa

Íslenskra sveitarfélaga óhjákvæmilegt að halda því til haga að við setningu laga um gjalddöku af fiskeldi lagðist það ásamt Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga eindregið gegn þeirri leið að stofna sérstakan sjóð til að ráðstafa hluta tekna ríkisins af gjalddöku á fiskeldisstarfsemi. Á allan hátt væri eðlilegra að sveitarfélögin fengju í sinn hlut beina hlutdeild í tekjum af slíkri starfsemi til að standa undir nauðsynlegri innviðaupbyggingu.”

Tryggja þarf að fiskeldisgjald sem nú rennur í sjóðinn frá fiskeldisstarfsemi verði úthlutað beint til sveitarfélaga á áhrifasvæði sjókvíaeldis.

Úthlutunarreglur miðist við eldismannvirki með rekstrarleyfi í fjörðum og nærsvæði sveitarfélaganna þannig að samhengi verði milli úthlutunar til sveitarfélags og umsvifa í nærumhverfi þeirra.



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
110 Reykjavík

Hveragerði, 18.2.2022
2202068

Efni: Bréf frá nefndasviði Alþingis frá 9. febrúar 2022

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar, sem haldinn var í dag, var ofangreint tekið til umfjöllunar;

„Í bréfinu óskar atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál.“

Eftirfarandi var fært til bókar;

„Lagt fram til kynningar. Bæjarráð styður tillöguna þar sem hún styrkir tekjustofna viðkomandi sveitarfélaga. Jafnframt hvetur bæjarráð til þess að tekjustofnar allra sveitarfélaga verði styrktir til að mæta síauknum kröfum til þjónustu þeirra.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Hveragerðisbæjar,


Ragnheiður Brynjólfssóttir
Þjónustufulltrúi



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. febrúar 2022

Málsnúmer: 220216-0113 (152. löggjafarþing 2021–2022. 93. mál.)

Efni: Athugasemdir Landssambands veiðifélaga við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis.

Landssamband veiðifélaga (hér eftir „LV“ eða „Landssambandið“) gerir hér með eftirfarandi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis (hér eftir „þingsályktunartillagan“), sbr. tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. febrúar 2022.

1. Almennar athugasemdir

Landssambandið telur að leggja verði markmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008, til grundvallar allra breytinga á löggjöf um fiskeldi en í ákvæðinu kemur fram að koma skuli í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Markmið þetta er enn frekar útlistað í athugasemdum með frumvarpi til laganna en þar segir:

Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsýfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstcfnna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og

silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem jfallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu vikja hinir síðarnefndu.

Landssambandið leggur áherslu á að löggjafanum sé ekki stætt á að breyta löggjöf um fiskeldi á þann hátt að villtum nytjastofnum kunni að stafa ógn af.

2. Gjaldtaka

Landssambandið fer fram á að tryggt verði að gjaldtaka í fiskeldi standi straum af kostnaði við mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir að sjókvíaeldi valdi skaða á villtum stofnum laxfiska. Að sjálfsögðu væri eðlilegast að slíkar mótvægisáðgerðir fælust í eldi í lokuðum kvíum og/eða landeldi en í ljósi núverandi stöðu þá telur LV að veita þurfi miklum tjármunum í aukna vöktun bæði við sjókvíar og við laxveiðiár. Slík vöktun þarf að vera í höndum stjórnvalda. Þá þarf að setja upp fleiri árvaka, sem vissulega er ekki ákjósanlegt en illnauðsynlegt í ljósi núverandi þróunar mála. Einnig þarf að rannsaka ítarlega þau áhrif sem sjókvíaeldi hefur á villta stofna, m.a. með tilliti til erfðablöndunnar, lúsar og annarra þátta. Eðlilegt er að fiskeldið standi undir kostnaði við þessar framkvæmdir og rannsóknir.

Þá gerir Landssambandið kröfu að skaðabótaákvæði laga um fiskeldi, nr. 71/2008, verði tekið til endurskoðunar. Landssambandið bendir á að skaðabótaákvæði 18. gr. gildandi laga felur í sér ákvæði um bætur til handa aðila í fiskeldi ef hann verður fyrir tjóni umfram aðra vegna ákvarðana sem teknar eru á grundvelli laganna. Skal tjón hans bætt úr ríkissjóði.

Landssamband veiðifélaga telur eðlilegt að fiskeldisfyrirtækjum verði gert að bæta tjón veiðiréttarhafa af völdum fiskeldis og að þau verði skylduð til að kaupa umhverfistryggingu. Landssambandið bendir á að eignarrétturinn er friðhelgur og að raunveruleg hættu sé á því, m.a. með hliðsjón af þeirri reynslu sem nú liggur fyrir af sjókvíaeldi annarra þjóða, að sjókvíaeldið muni hafa verulega neikvæð fjárhagsleg áhrif á veiðihlunnindi landeiganda og verðmæti jarða og valda þannig stórkostlegu tjóni.

3. Lögfesting friðunarsvæðis

Landssambandið fer fram á að friðunarsvæði, þ.e. svæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt, verði stækkað og fest í lög.

Stærsta ógn sem steðjar að stofnum villtra laxfiska hér við land er fjjór norskur eldislax og sú erfðablöndun og lúsafár sem honum fylgir. Sú ógn er til komin vegna risastórra norskra laxeldisfyrirtæka og talsmanna þeirra hér á landi. Alls óvíst er hvort núverandi fyrirkomulag friðunar, þ.e. auglýsing nr. 460/2004, standist gríðarlegan þrýsting þessa hóps.

Landssambandið leggur því til að friðunarsvæði verði fest í lög og að það verði stækkað svo nái einnig yfir Eyjafjörð og Öxarfjörð.

4. Þátttaka í starfshópi

Landssambandið leggur til að ráðherra veiti sambandinu rétt til að tilnefna fulltrúa í starfshóp sem, samkvæmt þingsályktunartillögum, mun yfirfara laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón af gjalddöku.

Landssambandið, sem hagsmunasamband veiðifélaga og þar með veiðiréttarhafa, er málsvari þess hóps sem á hvað mest undir vandaðri lagasetningu um sjókvíaeldi. Umhverfisslys í greininni munu ekki koma til með að hafa jafn víðtæk og bein áhrif á neinn annan hóp. Því er eðlilegt að stjórnvöld hafi sem mest samráð við Landssambandið við mótun regluverks um sjókvíaeldi.

5. Verndun villtra stofna

Landssambandið telur að áhættumat erfðablöndunar gangi í berhögg við markmiðsákvæði laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Einkum er vísað til þess að í 1. mgr. 1. gr. laganna segir að markmið þeirra sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Enn fremur segir í c. lið 2. gr. laganna að stefnt skuli m.a. að því að varðveita tegundir lífvera og erfðabreytilega fjölbreytni.

Þá kemur fram í 1. mgr. 1. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008, að markmið laganna sé m.a. að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og að í því skyni skuli leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Viðmið Hafrannsóknastofnunar um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og stefnu nefndra laga. Grundvallaratriði í allri lagasetningu um fiskeldi ætti að vera að koma í veg fyrir að nokkur möguleiki sé að fjór norskur eldislax sleppi upp í íslenskar ár.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssambands veiðifélaga



Gunnar Örn Petersen,
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. febrúar 2022

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál.

Stjórn Landverndar hefur áhyggjur af stórfelldri og hraðri uppbyggingu sjókvíaeldis á Íslandi og telur mikilvægt að fara vel yfir laga- og reglugerðumhverfi fyrir sjókvíaeldi. Sú hraða uppbygging sem átt hefur sér stað undanfarin ár kallar á að staldrað sé við, allar afleiðingar og hugsanleg langtímaáhrif á lífríkið grandskoðuð, áður en frekari ákvarðanir um umfang þessarar starfsemi er ákveðin. Í þeirri vinnu er nauðsynlegt að umhverfisverndarsamtök eigi fulltrúa.

Lausnir við stöðu sveitarfélaga fleiri en sjókvíaeldi

Sjókvíaeldi hefur vissulega sínar jákvæðu hliðar, sem felast fyrst og fremst í fjárhagslegum verðmætum atvinnugreinarinnar. Fyrir sveitarfélög þar sem meðalaldurinn hækkar sífellt og tækifærum fer fækkandi er mikilvægt að stuðla að atvinnusköpun og auknum tækifærum samfélagsins. Þessu myndu fáir mótmæla en málin eru því miður flóknari en svo, og lausnirnar við þessum vanda eru töluvert fleiri en sjókvíaeldisiðnaður. Vaxandi möguleikar til fjarvinnu, frekari verðmætasköpun úr afurðum náttúrunnar og ferðaþjónusta sem starfar allan ársins hring eru dæmi um möguleika margra byggða til að takast á við þessa áskoun.

Einhliða mynd af stöðu mála

Í tillögunni er máluð einhliða mynd af jákvæðum hliðum fiskeldis. Það skortir allar aðrar hliðar málsins og gert er ráð fyrir því að gríðarleg uppbygging verði í kringum iðnaðinn á næstu misserum. Sú þróun er vægast sagt varhugaverð miðað við reynslu annara þjóða í kringum okkur – og okkar eigin reynslu frá því iðnaðurinn hófst hér á landi.

Það er einfaldlega ekki boðlegt að tala um sjálfbærni þegar kemur að sjókvíaeldi, enda hefur það margvísleg neikvæð áhrif á umhverfið. Botndýralíf undir kvíunum þurrkast út, eldislaxadauði er gífurlegur og sjúkdómasmit frá eldislaxi getur haft bein áhrif á villta stofna. Stór hluti aðfanga er fluttur langar leiðir og þar með er vegakerfi landsins er undirlagt þungum flutningsbílum með afurðir á leið á flugvöllinn. Lax úr sjókvíaeldi hefur umtalsvert vist- og

loftslagsspor þegar hann kemst á disk neytenda. Að auki hafa sjókvíaeldisfyrirtæki hér á landi gerst uppvís um brot á starfsleyfi, með því að nota koparoxíð án heimildar, en notkun hennar hefur verið sett á gráan lista vegna neikvæðra áhrifa efnisins á umhverfið. Þá er óumdeilt að sjókvíaeldi er stærsta ógnin við villta laxastofna í heiminum.

Gjaldtaka

Í Noregi eru fiskeldisfyrirtæki skattlögð eins og önnur fyrirtæki, þurfa að greiða 0,6% af útflutningsverðmæti í markaðs- og rannsóknargjald og nú hefur Noregur hafið útboð á heimildum til að rækta lax. Auk þess hafa sveitafélög heimild til þess að útheimta fasteignaskatt af sjókvíum. Landvernd telur eðlilegt að skoða hvort ekki megi veita sveitafélögum á Íslandi sambærilegar heimildir. Að auki telur Landvernd að eðlilegt sé að auðlindagjald sé tekið af þeim sem nýta náttúruauðlindir Íslands, og að þau sem menga náttúru Íslands greiði fyrir það sanngjarnt gjald í samræmi við mengunarbótaregluna (e. Polluter pays principle). Það gjald ætti að renna í verndun íslenskrar náttúru.

Stjórn Landverndar óskar eftir því að fulltrúi umhverfisverndarsamtaka sitji í ráðinu sem ætlað er að yfirfara laga og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón af gjaldtöku. Mikilvægt er að rétt sé staðið að breytingum á löggjöfinni og að gjaldtakan hafi það markmið að bæta fyrir umhverfisskaða sjókvíaeldis.

Tengsl tillögunar við skipulag haf- og strandsvæða

Nú stendur yfir vinna við skipulag haf og strandsvæða á Austfjörðum og Vestfjörðum. Skipulag haf- og strandsvæða hefur ekki verið lokið með fullri aðkomu samfélagsins. Skipulagið á að veita lýðræðislega nálgun sem felur í sér með samtal og samráð við samfélagið og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Trekk í trekk hafa fiskeldisfyrirtæki fengið fulla heimild til að klára skipulagsgerð áður en öðrum hagsmunaaðilum er hleypt að borðinu. Slík vinnubrögð gagnvart samfélaginu brjóta gegn grundvallarreglum lýðræðis og jafnræðis þegar kemur að jafn stórum málum og hér um ræðir og varðar okkar sameiginlegu auðlindir. Stjórn Landverndar átelur þessi vinnubrögð og vonast til þess að tillagan til þingsályktunar verði unnin í samræmi við markmið skipulags haf og strandsvæða.

Að lokum

Ísland hefur mikla hagsmuni af því ýta frekar undir náttúruvernd og hreinleika íslenskrar náttúru. Við eigum að læra af slæmri reynslu nágrannaríkja okkar af fiskeldi í opnum sjókvíum og gæta þess að stefna ekki náttúru Íslands í voða, sérstaklega þegar fyrir liggja betri og



umhverfissvænni aðferðir til að stunda fiskeldi og til þess að mæta vonum og væntingum fámennra sveitarfélaga um vöxt og velgengni í atvinnulífinu.

Landvernd telur það eðlilegt að spyrja hvort sjókvíaelði sé réttlætanleg aðferð við matvælaframleiðslu í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa sem iðnaðurinn hefur almennt í för með sér. Er ekki tími til kominn að horfa til lausna í matvælaframleiðslu sem með sannfæringu má segja að séu sjálfbærar?

Við hvetjum þá þingmenn sem að tillögunni standa til þess að leita fjölbreyttari lausna við þeim vandasem þeir tilgreina í þingsályktunartillögunni. Landvernd er boðin og búinn til þess að taka þátt um í umræðu um aðra valkosti.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings

Þingskjal 93 - 93. mál

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

1.

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings lýsir yfir stuðningi við tillöguna sem skref í rétta átt. Sveitarfélög hafa margítrekað bent á að víða er pottur brotinn í laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, einkum hvað varðar þátt sveitarfélags í ákvarðanatöku um sjókvíaelði og þá skatta og gjöld sem renna til sveitarfélaga af starfseminni.

2.

Alþingi hefur á undanförunum fjórum árum samþykkt tvo lagabálka sem gegna lykilhlutverki hvað varðar þá tvo þætti sem að framan greinir. Í báðum tilfellum sýndi löggjafarvaldið sveitarfélögunum, sem eiga að heita annað tveggja stjórnarsýslustiga landsins, grátlega lítilsvirðingu við lagasetninguna.

3.

Það er meginregla í íslenski löggjöf að sveitarfélög fari með skipulagsvald innan sinna vébanda. Útmörk sveitarfélaga ráðast lögum samkvæmt af fasteignum innan þeirra, en mörk fasteigna við sjó miðast við netlög og ná því jafnan aðeins 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði. Því fór lengi vel enginn með skipulagsvald utan þeirrar línu, sem gat leitt til þess að sveitarfélög höfðu ekki skipulagsvald innan fjarða, jafnvel örskammt frá þéttbýli. Með lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 var brugðist við þeirri óþolandi stöðu að enginn færi með skipulagsvald á hafsvæðum, sem þá var orðin mikil ásókn í að nýta til fiskeldis meðal annars. En þá bregður svo við að löggjafinn ákveður að sveitarfélögum sé ekki treystandi til að fara með skipulagsvald inni á fjörðum eða örskammt frá landi þar sem þau annars fara með skipulagsvald. Þess í stað er sett á fót kerfi sem gerir embættismönnum ráðuneyta jafnhátt eða hærra undir höfði en kjörnum fulltrúum sveitarfélaga. Niðurstaðan er óskilvirkt og ógagnsætt kerfi sem leiðir meðal annars til þess að sveitarfélag á borð við Múlaþing hefur sáralítið að segja um umdeildar skipulagsákvæðanir inni á fjörðum sveitarfélagsins. Það er mat umhverfis- og framkvæmdaráðs að engin skynsamleg rök standi til þess, og telur raunar óþolandi þversögn felast í því, að sveitarfélagið fari ekki með skipulagsvald í Berufirði, Seyðisfirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði, utan 115 metra frá stórstraumfjöruborði, en fari að sama skapi með skipulagsvald í Hamarsdal, Fossárdal, Austdal, Vestdal, í Stóruð, á Hraundal, í Möðrudal og uppi um öll fjöll og firnindi sveitarfélagsins. Það kann að virka einkennilega að telja hér upp örnefni í erg og gríð, en með því er meiningin að vekja kjörna fulltrúa á Alþingi til umhugsunar um hvort það skipti íbúa sveitarfélagsins meira máli hvernig hafsvæðin á fjörðunum eru nýtt, eða fjalllendi fjarri mannabyggð. Alþingi ákvað að kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum kæmi hið fyrrnefnda sáralítið við og það var á sínum tíma, og er enn, óskiljanleg afstaða.

4.

Skipting skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga er í grófum dráttum þannig að ríkið tekur til sín tekjuskatt fyrirtækja að öllu leyti og einstaklinga að mestu auk virðisaukaskatts en sveitarfélögin njóta lítillar hlutdeildar í tekjuskatti einstaklinga en fá í sinn hlut fasteignaskatta. Sökum þess að meginstarfsemi fiskeldisfyrirtækja er úti á sjó greiða þau víðast hvar litla fasteignaskatta. Því eru beinar skatttekjur sveitarfélaga af þeirra starfsemi með minnsta móti. Með setningu laga um töku

gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019 var komið á fót sérstökum gjaldstofni af fiskeldi. Í stað þess að láta þessa sértæku gjaldtöku, á starfsemi sem einkum er að finna í sveitarfélögum á Vestfjörðum og Austfjörðum, renna til viðkomandi sveitarfélaga eins og eðlilegt væri, ákvað Alþingi að ríkisvaldið skyldi innheimta þessi gjöld. Einnig var það mat Alþingis á þeim tíma að eðlilegt væri að tveir þriðjuhlutar skyldu sitja eftir hjá ríkinu, sem ber á engan hátt að ráðstafa þeim fjármunum til neins sem tengist fiskeldi. Einn þriðjihluti rennur síðan í Fiskeldissjóð, sem yfir situr þriggja manna stjórn skipuð af ráðherra, sem sveitarfélög mega síðan sækja um að fá fjármuni úr. Aftur var það afstaða Alþingis að sveitarfélögum væri ekki treystandi. Í stað þess að sveitarfélögin fái einfaldlega í sinn hlut gjöld af starfsemi innan þeirra vébanda og geti notað þær tekjur til uppbyggingar atvinnulífs og þjónustu, þarf þriggja manna ráðherraskipuð stjórn að leggja blessun sína yfir áform kjörinna fulltrúa sveitarfélaga um ráðstöfun á einum þriðju þeirra gjalda sem innheimt eru. Engu máli virðist skipta hvað ríkisvaldið gerir við tvo þriðju hluta gjaldanna. Þetta fyrirkomulag er niðurlægjandi fyrir sveitarfélögin auk þess að vera óskilvirkt og fullkomlega óþarft. Í 78. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er tilgreint að sveitarfélögin skulu vera sjálfstæð. Þar segir einnig sérstaklega í 2. mgr. að tekjustofnar sveitarfélaga og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir skulu ákveðnir með lögum. Þrátt fyrir að framangreint fyrirkomulag brjóti ef til vill ekki í bága við þetta ákvæði, þá er það í hrópandi mótsögn við anda þess og ætlan.

5.

Það er mat umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings að hlutur sveitarfélaga hafi verið fyrir borð borinn við lagasetningu um fiskeldi undanfarin ár. Það er því nauðsynlegt að við skipan þess starfshóps sem tillagan gerir ráð fyrir, verði gert ráð fyrir að Samband sveitarfélaga og Samtök sjávaraútvegssveitarfélaga tilnefni fulltrúa til setu í starfshópnum þannig að sveitarstjórnarstigið eigi sæti við borðið í þeirri vinnu sem framundan er.



Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd Alþingis
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. febrúar 2022

Efni: Umsögn NASF á Íslandi um: „*Tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis*“, Þingskjal 93, mál nr. 93 sent í tölvupósti 9. febrúar.

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

Aðrar eldisaðferðir og umhverfisvænni atvinnusköpun

NASF hefur í fyrri umsögnum sínum til Alþingis lagt áherslu á að fiskeldi í opnum sjókvíum er varhugaverð starfsemi og dæmin sanna að neikvæð áhrif fyrir náttúru og villta fiskistofna eru mikil. Þessi afstaða hefur ekki breyst og því vill NASF koma því á framfæri til atvinnuveganefndar að leggja fyrst og fremst áherslu á hvernig hægt sé að stýra fiskeldi í umhverfisvænni átt. Þekking á fiskeldi í lokuðum kerfum er mikil á Íslandi og ætti allt fiskeldi á Íslandi að fara fram í slíkum kerfum hér á landi til að takmarka áhættu fyrir umhverfið. Mengunin og umhverfishættan af fiskeldi í opnum sjókvíum spillir þeirri hreinu ímynd sem Íslendingar hafa skapað sér við matvælaframleiðslu. Það er hagsmunamál fyrir alla þjóðina að halda í þá hreinu ímynd og koma í veg fyrir að fiskeldi í opnum sjókvíum spilli henni. Það er að auki mikil áhætta fólgin í því að ætla að bjarga atvinnuuppbyggingu á Vest- og Austfjörðum með sjókvíaeldi einu.

Sjókvíaeldi er á útleið í mörgum löndum og forstjórar þeirra norsku fyrirtækja sem eiga íslensku sjókvíaeldisfyrirtækin hafa sjálfir sagt að framtíðin liggi ekki í opnum sjókvíum. Þetta er því svolítið eins og að setja öll eggin í sömu körfuna og uppgötva síðan að karfan er svo gömul og slitin að hún heldur ekki einu sinni eggjunum.

Gjaldtaka

Þar sem að sjókvíaeldi er flokkað sem mengandi starfsemi er mikilvægt að gjaldtakan taki mið af því að koma í veg fyrir og bæta fyrir þann skaða sem af eldinu hlýst. Því ætti gjaldtaka í sjókvíaeldi að greiða fyrir árvaka og aðrar vöktunaraðgerðir í laxveiðiám. Eins sorglegt og það er að þurfa að taka myndband af hverjum laxi sem gengur í vatnsfall vegna hættu af strokulöxum úr sjókvíaeldi þá er það því miður raunveruleikinn ef haldið verður áfram á sömu braut. Það er því mikilvægt að sjókvíaeldisfyrirtækin beri sjálf kostnaðinn af þeim skaða sem hlýst af starfsemi þeirra. Einnig ætti gjaldtaka í sjókvíaeldi að standa undir kostnaði sem hlýst af eftirliti og uppbyggingu samgöngumannvirkja (hafna og vega). Þá þurfa þau einnig að bæta landeigendum þann skaða sem þeir verða fyrir vegna umsvifa eldisfyrirtækjanna. Það segir sig sjálf að eftirlitið á að vera í höndum óháðra aðila og stofnana. Eftirlit í núverandi mynd er langt frá því að vera fullnægjandi og þarf að auka það til muna. Eins og löggjöfin er í dag er lögð áhersla á innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra. Það er óásættanlegt í ljósi þess að hvatar eru fyrir hendi fyrir fyrirtækin að hagræða upplýsingum úr innra eftirliti. Sem dæmi má nefna að fyrirtækin gætu misst alþjóðlegar vottanir eða takmarkað möguleika sína á að færa út kvíarnar – í bókstaflegri merkingu.

Skaðabætur

Í tillögunni er fjallað mikið um atvinnusköpun, verðmæti og jákvæð áhrif á sveitarfélög. Það er því rétt að minnst á þau gríðarlegu verðmæti sem búið er að skapa í dreifðum byggðum landsins sem treysta á tekjur af laxveiði. Ísland er einhver eftirsóttasti áfangastaður í heimi fyrir lax- og silungsveiðimenn. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst að landið hefur verið þekkt fyrir að vera ósnert og hreint og að villti fiskurinn er hafður í hávegum. Það er einróma álit vísindasamfélagsins að sjókvíaeldi er stærsta ógnin við villta laxastofna í heiminum og því er sjókvíaeldi á Íslandi að stefna þessum dreifðu byggðum í hættu með því að draga úr líkum á að bændur og aðrir landeigendur geti haft tekjur af þessum náttúrulegu hlunnindum sínum. Nýlega var villti laxinn í Noregi settur á válista, og þurft hefur að loka nokkrum laxveiðiám þar í landi. Erfðablöndun er orðin mikil og lúsin sem fylgir sjókvíaeldi drepur sjógönguseiði villtra laxfiska. Við þetta verða nærsamfélög þessara laxveiðiáa af miklum tekjum og ímynd Noregs hefur orðið fyrir gríðarlegum skaða sem verður seint bættur.

Ef haldið er áfram á þeirri braut sem stjórnvöld eru á núna þá mun hið sama gerast hér á landi. Því ætti atvinnuveganefnd að móta stefnu í því hver og hvernig á að greiða skaðabætur til landeigenda ef svo fer fram sem horfir. Stefna íslenskra stjórnvalda á að vera að beina öllu laxeldi í framleiðsluáðferðir sem eru í sátt við náttúruna. Laxeldi í opnum sjókvíum er óboðleg

aðferð til matvælaframleiðslu og Ísland á að sjá sóma sinn í því að snúa tafarlaust af þeirri vegferð sem við erum komin á.

Þá má spyrja hvað gerist ef sjókvíaeldisfyrirtækin ákveða að ekki sé lengur hagstæðast að starfa í þeim bæjarfélögum sem þau starfa í núna? Mun gjaldtaka sem rennur til sveitarfélaga taka mið af því?

Lögfesting bannsvæða

Í tillögunni er vísað til ákvörðunar ráðherra frá 2004 um að einungis megi stunda sjókvíaeldi á Vest- og Austfjörðum. Það er því rétt að vekja athygli á því að þessi ákvörðun er í formi auglýsingar og því ekki fest í lög. Það er gríðarlega mikilvægt að auglýsing þessi verði lögfest sem allra fyrst. Það er ekki boðlegt að einn ráðherra geti nánast upp á sitt einsdæmi ákveðið að breyta þessari mikilvægu takmörkun. Einnig ber að nefna að Eyjafjörður ætti að vera bannsvæði fyrir sjókvíaeldi. Eldi í Eyjafirði myndi skapa gríðarlega hættu fyrir vatnasvæði sem eru viðkvæm fyrir. Ber þar helst að nefna Laxá í Aðaldal, Skjálfandafliót, Fnjóská og Eyjafjarðará. Í raun mætti segja að allar ár á Norðurlandi væru í hættu frá sjókvíaeldi í Eyjafirði þar sem rannsóknir eru sífellt að leiða í ljós að strokulaxar synda lengra og laxalús dreifir sér yfir stærri svæði en áður var talið.

Skipun fulltrúa

Í tillögunni kemur eftirfarandi fram:

„Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til þess að yfirfara laga og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi.“

Það er mat NASF að nauðsynlegt sé að fulltrúi sé í starfshópnum frá frjálsum náttúruverndarsamtökum og frá Landssambandi veiðifélaga. Sökum eðlis starfseminnar ætti gjaldtaka að taka mið af því að takmarka og bæta fyrir umhverfisskaða. Því er nauðsynlegt að í starfshópnum sé fulltrúi sem talar fyrir hagsmunum náttúru og villtra laxfiskastofna. Þar er ekki eingöngu um náttúruvernd að ræða, náttúrunnar vegnar, heldur eru miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi.

NASF þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum sínum um tillöguna. Það er okkar von að innihald þessarar umsagnar verði tekið efnislega fyrir. Jafnframt býður NASF fram aðstoð sína við ráðgjöf í þessum mikilvæga málaflokki.

Virðingarfyllst,

Elvar Örn Friðriksson

f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson

Nefndasvið Alþingis
Bt. Atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 14. febrúar 2022

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál á 152. löggjafarþingi.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, sbr. þingskjal 93 í 93. máli á 152. löggjafarþingi. Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra, jðármála- og efnahagsráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til þess að yfir fara laga og reglugerðaumhverfi sjókvíaeldis með hliðsjón cf gjaldtöku cf fiskeldi.

Markmið starfshópsins verði:

- a. að taka saman yfirlit yfir heildargjaldtöku cf fiskeldi og undir hverju tekjunum er ætlað að standa, sem og hvernig þær tekjur skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga,*
- b. að tryggja sveitarfélögum þar sem sjókvíaeldi er stundað skýrar heimildir til töku gjalda cf sjókvíaeldi,*
- c. að tryggja að tekjur cf slíkri gjaldtöku standi undir nauðsynlegum verkefnum sveitarfélaga og tryggð sé sjálfbærni hafna og samfélaga þar sem sjókvíaeldi fer fram.*

Endurskoðun sem felur í sér heildargreiningu á gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga cf fiskeldi og tillögur að lagabreytingu sem skýra heimildir til töku gjalda til að standa undir nauðsynlegri þjónustu ríkis og sveitarfélaga cf sjókvíaeldi skal vera lokið og skýrsla kynnt Alþingi eigi síðar en í lok árs 2022.

Samtökin taka undir með stjórnvöldum að taka þurfi til skoðunar gjaldtöku af fiskeldi í sjó og skýra þurfi gjaldtökuheimildir sveitarfélaga til að taka gjald fyrir þjónustu til fiskeldisfyrirtækja. Fyrir liggur að innheimta gjalda á grundvelli núgildandi gjaldtökuheimilda hefur oft og tíðum verið umdeild, ógagnsæ og gjarnan stuðst við óraunhæf kostnaðarviðmið. Það yrði til hagsbóta fyrir bæði fiskeldisfyrirtæki og sveitarfélög að skýra gjaldtökuheimildir þannig að um verði að ræða gjaldstofna sem aðilar geta treyst á í rekstri með fyrirsjáanlegum hætti. Þess verður jafnframt að gæta að fjárhæð slíkra gjalda grundvallist á traustum útreikningi eða skynsamlegri áætlun á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Í þessu samhengi er vert að geta þess að samtökin hafa áður átt frumkvæði að því að óska eftir því að lagt verði forsvaranlegt mat á þann kostnað sem hlýst af þeirri þjónustu sem fiskeldisfyrirtæki þiggja af sveitarfélögum

hér á landi og hver er eðlileg þátttaka fyrirtækjanna í öðrum kostnaði sem beinlínis má rekja til starfsemi þeirra. Í sameiginlegri umsögn SFS og Samtaka atvinnulífsins vegna áforma um breytingar á hafnalögum, dags. 14. september 2020, lögðu samtökin til að skipaður yrði starfshópur, með fulltrúum bæði fiskeldisfyrirtækja og sveitarfélaga, sem falið yrði að fara yfir gjaldtöku hafna vegna fiskeldis og gera rökstuddar tillögur um sanngjarnt fyrirkomulag gjaldtöku.

Að framangreindu sögðu gera samtökin þó athugasemd við þá gefnu forsendu í greinargerð tillögunnar, að ljóst sé að „núverandi gjaldtaka dugi skammt fyrir innviðauppbyggingu sem sveitarfélög þu fa að ráðast í.“ Að SFS vitandi hefur ekkert heildstætt mat verið lagt á þörf fyrir uppbyggingu innviða vegna fiskeldis né fyrirsjáanlegan kostnað af slíkri uppbyggingu - hvað þá hvort eða að hve miklu leyti núverandi gjaldtökuheimildir duga til að standa undir slíkum kostnaði. Eðlilegt og sanngjarnt hlýtur að vera að gera kröfu um að svör við slíkum spurningum liggi fyrir áður en ráðist er í heildstæða endurskoðun á gjaldaumhverfi fiskeldis. Í því samhengi má geta þess að tilraunir eldisfyrirtækja til að afla upplýsinga frá sveitarfélögum um kostnaðarforsendur þjónustugjalda hafa reynst árangurslitlar. Mikilvægt er að því að þessi grundvöllur sé kannaður samhliða almennri yfirferð laga- og reglugerðaumhverfis sjókvíaldi.

Samtökin styðja að meginstefnu til efni tillögunnar og lýsa sig reiðubúin til þátttöku í fyrirhuguðum starfshópi, nái tillagan fram að ganga. Samtökin leggja þó til að verkefni starfshópsins verði útvíkkað og honum einnig falið að gera grein fyrir og leggja mat á umfang nauðsynlegrar innviðauppbyggingar og þjónustu í viðkomandi sveitarfélögum sem rekja má beint til fiskeldis.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að eiga samtál við nefndarmenn til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi,



Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur – Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður – kt. 640269-6779 – sími: 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 23. febrúar 2022

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 09.02.2022 þar sem Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, mál nr. 93. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hún sé nær óbreytt frá þingsályktunartillögu sem var lögð fram um sama efni á 151. löggjafarþingi og var 640. mál þess þings.

Tálknafjarðarhreppur veitti umsögn til Atvinnuveganefndar Alþingis við 640. mál 151. löggjafarþings í erindi dags. 26.05.2021. Það sem þar kom fram á enn við í dag og því er innihald þessara umsagnar að mörgu leyti samhljóma þeirri eldri. Endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis er nauðsynleg og því er ánægjuefni að þingsályktunartillagan sé lögð fram að nýju. Bæði fiskeldissveitarfélög og fyrirtæki í fiskeldi kalla eftir því að starfsumhverfi greinarinnar sé skýrara og gegnsærri en það er í dag.

Fyrir sveitarfélögin skiptir megin máli að þeim sé tryggður eðlilegur hluti af opinberri gjaldtöku af greininni til að geta staðið undir undir þeirri innviðauppyggingu sem er nauðsynleg vegna þessarar nýju og ört vaxandi atvinnugreinar hér á Íslandi. Sveitarfélög eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar sem þurfa sterka og fyrirsjáanlega tekjustofna til að geta staðið undir verkefnum sínum. Því tengt er hægt að benda á að sveitarfélög, þar á meðal Tálknafjarðarhreppur, hafa áður gert grein fyrir þeirri afstöðu sinni að endurskoða þurfi það fyrirkomulag sem fylgir því að útteila fjármagni í gegnum Fiskeldissjóð líkt og gert er í dag. Ekki verður farið efnislega í þá gagnrýni í þessari umsögn en þó rétt að benda á að í Noregi er að finna fyrirkomulag í þessum efnisli sem Íslendingar eiga vel að geta tekið sér til fyrirmyndar. Þar renna gjöld sem greidd eru af sjókvíum milliliðalaust til þeirra sveitarfélaga sem kostnað bera vegna þeirra.

Í umsögn frá Tálknafjarðarhreppi er ekki annað hægt en að benda á mikilvægi þess að málefni seiðaeldisstöðva séu höfð með þegar laga- og reglugerðarumhverfi fiskeldis er tekið til endurskoðunar. Við Tálknafjörð eru tvær seiðaeldisstöðvar starfandi og standa þær báðar við Tálknafjarðarhöfn. Fyrirtækin sem þær reka hafa haldið á lofti efasemdum um réttmæti á gjaldtöku hafnarsjóðs af seiðaeldisflutningum sem fara um hafnarsvæðið. Slík staða er ekki boðleg, hvorki fyrir sveitarfélög né rekstraraðila, og því mikilvægt að þessi mikilvægi þáttur í starfsemi sjókvíaeldis gleymist ekki þegar lög og reglur eru teknar til endurskoðunar.

Að lokum er rétt að benda á mikilvægi þess að sveitarfélögum sem tryggður fulltrúi eða fulltrúar í starfshópi sem fjallar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Ólafur Þór Ólafsson
sveitarstjóri





Alþingi nefndarsvið
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 22. febrúar 2022
2202018 RH

Efni: Umsögn um tillögu að þingsályktun um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis - 93. mál.

Vísað er til umsagnabeiðni frá nefndarsviði Alþingis, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál.

Vesturbyggð ítrekar fyrri umsögn sína og minnir á bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar af 360. fundi þann 26. maí 2021:

”Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis. Vesturbyggð hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að náð sé utan um heildargjaldtöku af fiskeldi og hvaða tekjur eru að skila sér til þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldi er stundað. Einnig hefur Vesturbyggð bent á að mikilvægt sé að til staðar séu skýrar heimildir til töku gjalda af fiskeldi í sjó, þannig að koma megi í veg fyrir að sveitarfélög þurfi að fá úr því skorið fyrir dómstólum hvort heimilt er að taka gjöld til að m.a. standa undir rekstri hafnarmannvirkja. Við endurskoðunina er einnig mikilvægt að líta til áhrifa á þau sveitarfélög sem fiskeldi er stundað, hvort í laga- og reglugerðarumhverfi séu veikleikar sem hafi verulega neikvæð áhrif á þau samfélög þar sem fiskeldi fer fram, hvort sem er vegna þjónustu við kvíasvæði eða slátrun og vinnsla. Þá hvetur Vesturbyggð til þess að hluti að endurskoðunni feli í sér að greina hvort æskilegt sé að skilyrða veitingu rekstrarleyfa í fiskeldi í sjó, eins og gert er í annarri haftengdri starfsemi. Þannig að tryggt sé að tekjur af fiskeldi í sjó verði sannarlega eftir í þeim samfélögum þar sem fiskeldi fer fram. Samþykkt samhljóða.”

Vesturbyggð leggur áherslu á að í þeim starfshópi sem skipaður verði skv. þingsályktuninni, nái hún fram að ganga, verði skipaður fulltrúi af hálfu sveitarfélaga, til að tryggja að þekking og reynsla innan sveitarfélaganna skili sér inn í vinnu starfshópsins. Þá ítrekar Vesturbyggð einnig mikilvægi þess að skoðað verði hvort aðrar leiðir eru færar til að koma gjaldi af fiskeldi til sveitarfélaga með öðrum hætti en í gegnum fiskeldissjóð. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum sýndi það skýrt að fjármunir sem í raun verða til í viðkomandi sveitarfélögum renna ekki endilega til þeirra sveitarfélaga þar sem sjókvíaeldi hefur verið stundað einna lengst, er umfangsmest og þörfin fyrir



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

innviðaupbyggingu einna mest. Ítrekar Vesturbyggð því fyrri umsögn sína til atvinnuveganefndar Alþingis, 28. mars 2019, þegar fjallað var um frumvarp til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð og að aðrar leiðir en fiskeldissjóður verði nýttur til að tryggja að tekjur af fiskeldi skili sér sannarlega til innviðaupbyggingar sveitarfélaga þar sem sjókvíaelði fer fram.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund atvinnuveganefndar Alþingis til að fylgja umsögn Vesturbyggðar eftir og svara þeim spurningum nefndarmanna sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri